

From: matis@matís.is <matís@matís.is>

HTML Plain text

Subject: Nýir próteingjafar fyrir komandi kynslóðir

Prótein úr örþörungum,
skordýrum og einfrumungum
til að mæta sívaxandi
próteinþörf í heiminum



Prótein úr örþörungum, skordýrum og einfrumungum til að mæta sívaxandi próteinþörf í heiminum

NextGenProteins er verkefni til 4ja ára og standa að því 21 samstarfsaðilar frá 10 Evrópulöndum, þar af fjórir þátttakendur frá Íslandi. Verkefnið hlaut styrk upp á 8 milljónir evra úr evrópsku rannsóknáætluninni Horizon 2020 fyrr á þessu ári, en það hófst formlega í síðustu viku.

Matís ohf. leiðir nýtt evrópskt rannsóknaverkefni, *NextGenProteins*, þar sem þróa á næstu kynslóðir af matvæla- og fóðurpróteinum með sjálfbærum og umhverfisvænum hætti. Verkefnið er liður í þeirri umbyltingu sem þarf að eiga sér stað í matvælaframleiðslu í heiminum á komandi árum til að fullnægja aukinni próteinþörf heimsins á vistvænan máta.

Aðgengi að hágæða, sjálfbært
framleiddum próteinum verður sífellt

takmarkaðra vegna fólksfjölgunar, aukins þrýstings á náttúruauðlindir og loftslagsbreytinga. Á sama tíma hefur eftirspurn eftir próteini á heimsvísu aldrei verið meiri. Til að mæta aukinni eftirspurn verður núverandi próteinframleiðsla að tvöfaldast fyrir árið 2050. Evrópa er ekki sjálfbær þegar kemur að